

Innleiðing stafræns pósthólfs

Tæknileg högun

Inngangur

Þann 1. janúar 2025 eiga allir opinberir aðilar að hafa lokið innleiðingu á stafrænu pósthólfi. Pósthólfið er hugsað sem örugg leið til að birta íbúum og lögaðilum þau skjöl og gögn sem að honum snúa. Pósthólfið er miðlægt, stafrænt og aðgengilegt á einum stað Ísland.is.

Högun pósthólfsins

Opinber aðili sem hyggst birta íbúa eða lögaðila skjal sendir tilkynningu um slíkt til pósthólfsins. Í tilkynningunni er kennitala þess sem skal fá skjalið ásamt tilvísun í skjalið. Þegar íbúi opnar skjalið sendir pósthólfið beiðni til þess sem birti skjalið og biður um það fyrir hönd íbúans. Þetta fyrirkomulag hefur það í för með sér að sá sem birtir skjalið (opinberi aðilinn) geymir skjalið í eigin kerfum. Í þessari högun felast nokkrar áskoranir eða kröfur sem opinberum aðilum er nauðsynlegt að huga að við innleiðingu.

Samskipti við pósthólfið fer fram í gegnum tvo APIs, [Skjalatilkynning API](#) sem útfærir hvernig skuli senda inn tilkynningu um skjal til pósthólfs og [Skjalaveita API](#) sem skilgreinir hvernig pósthólfið biður um skjal frá birtingaraðila. [Tæknileg lýsing](#).



Mynd 1: Yfirlit yfir skjalasendingar í stafrænu pósthólfi

Áhersluatriði við innleiðingu

Rekstur

Þegar íbúi eða lögaðili biður um skjal í stafrænu pósthólfi á Ísland.is biður kerfið um skjalið frá sveitarfélagi. Það er því mikilvægt að það tryggi að kerfið sé hannað þannig að niðritími sé í algjöru lágmarki við uppfærslur og aðra vinnu sem óhjákvæmilega verður við viðhald og rekstur.

Í einhverjum tilfellum sendir sveitarfélag út birtingar á mörgum af skjölum í einu. Til dæmis þegar allir foreldrar grunnskólabarna fá tilkynningu eða allir fasteignaeigendur fá upplýsingar. Í slíkum tilfellum getur birting leitt til álags á undirliggjandi kerfi þegar margir hlutaðeigandi reyna að skoða skjöl á sama tíma. Álag af þessu tagi getur valdið því að notendur geta ekki opnað skjölin og viðkomandi kerfi verður óstarfhæft eða starfi mjög hægt.

Auðkenning og aðgangur

Samskipti milli kerfa Ísland.is og viðkomandi sveitarfélags eru mikil og verið getur að skjölin innihaldi viðkvæmar persónuupplýsingar. Það er því gríðarlega mikilvægt að huga við að aðgangi og vernd gagna.

Stafræna pósthólfíð hefur skilgreint hvernig aðgangi og auðkenningu skuli háttáð. Aðgangur að netlaginu er á IP-tölum og því þurfa sveitarfélög að nota fasta IP-tölu og huga að því að breytingar á þeim geta haft áhrif á samskipti. Stafræna pósthólfíð notar OAuth2 til auðkenningar.

Sveitarfélög þurfa að huga vel að því að verja skjalageymslurnar þar sem utanaðkomandi kerfi hafa aðgang í þær. Þau sveitarfélög sem hyggjast vista skjöl sérstaklega ættu að íhuga að dulkóða þau í geymslu. Að sjálfsögðu eiga öll samskipti að fara fram dulkóðuð.

Kerfisbreytingar

Skjöl í birtingu í pósthólfinu verða að vera aðgengileg viðkomandi í langan tíma. Ekki er neinn stuðningur við að skjöl renni út í pósthólfinu. Sveitarfélög þurfa því að vera undirbúin undir að veita aðgang að skjölunum eftir að þau kerfi sem birta þau hafa verið uppfærð eða tekin úr notkun. Mikilvægt er að huga að þessum þætti strax enda líklegt að þessi krafa hafi mikil áhrif á högun kerfa. Skynsamlegt er að setja upp millilag sem heldur utan um staðsetningu skjala og vísa pósthólfinu þangað til að sækja skjalið. Þannig getur sveitarfélagið fært til skjöl án þess að pósthólfíð þurfi að vita af breytingunni. Stofnanir sem þegar hafa innleitt pósthólfíð hafa smíðað slík millilag og leyst þennan vanda á nokkra mismunandi vegu.

X-Road (Straumurinn)

Ekki er gerð krafa um að samskipti við pósthólfíð fari fram í gegnum X-Road. X-Road er engu að síður grunnkerfi í tengingum milli opinberra aðila og líklegt má teljast að gerði verði krafa um notkun á umhverfinu á næstu árum. Sveitarfélög sem ekki nota X-Road ættu að hafa í huga hvort þetta verkefni sé tilefni til að hefja innleiðingu. Í X-Road er enn fremur virkni sem hægt er að nýta sér við að útfæra millilag, sbr kafla um Kerfisbreytingar.

Íbúar geta beðið um pappír

Samkvæmt lögnum og reglugerð (drög) geta íbúar beðið um að fá sendan pappír. Viðkomandi þarf að skrá sig fyrir slíku annað hvort í gegnum Ísland.is eða með því að fara til sýslumanns. Ekki verður annað séð en viðkomandi skrái sig þá fyrir því að fá allt sem birt er í pósthólfi eða ekkert á pappír. Ísland.is undirbýr vefþjónustur þar sem hægt verður að fá lista yfir kennitölur sem vilja pappír. Hafa þarf það í huga við kerfisgerðina að fara þarf yfir kennitölulistann og senda á pappír.

Breytingar á skjölum og gögnum

Skjöl sem birt eru í pósthólfinu má ekki breyta eftir að þau eru birt. Það gerir þær kröfur til birtanda og hans kerfa að tryggja að skjali sé ekki breytt eftir útgáfu.

Kerfishögun

Hér á eftir eru nokkrar útfærslur á högun til birtingar í pósthólfinu. Mikilvægt er að sveitarfélög átti sig á kostum og göllum og geti ráðært sig við sína samstarfsaðila og eða upplýsingatæknideildir um hvað hentar best.

Grunnhögun

Sveitarfélög þurfa að taka ákvarðanir um nokkur atriði við högun á samskiptum við stafræna pósthólfíð.

1. Sækja skjöl beint úr þeim kerfum sem þau eru geymd í eða afrita þau í sérstaka geymslu.
2. Setja upp kerfi sem sér um samskipti við pósthólfíð eða láta hvert og eitt kerfi að sjá um samskipti.
3. Hvernig á að meðhöndla skjöl sem ekki erum geymd í kerfum eða hafa ekki fullnægjandi skráningar í undirliggjandi kerfum.

Hægt er að þróa samskipta- eða miðjulgag sem þekkir staðsetningu skjala, tekur við beiðnum frá pósthólfi, sækir skjalið og birta notanda, sbr. lið 1 og 2 hér að ofan.

Kostir	Ókostir
<ul style="list-style-type: none"> Auðveldar kerfisbreytingar því hægt er að breyta vísunum í miðjulgag ef kerfi er breytt að flutt þannig að vísun breytist. Auðveldara að eiga við álag sem getur skapast á innri kerfi. Utanaðkomandi kerfi (pósthólfið) þarf aðeins að hafa aðgang að einu kerfi. Getur staðfest að skjal hafi ekki breyst frá því það var gefið út. 	<ul style="list-style-type: none"> Kerfið er ekki til, það þarf að þróa eða kaupa. (Einhver sveitarfélög hafa eða eru að þróa). Uppsetningar og rekstarkostnaður. Viðhald og umsjón á einu kerfi til viðbótar.

Vistun skjala

Í grunninn geta sveitarfélög valið að geyma skjölin í þeim kerfum sem þau urðu til í eða afrita skjölin í sérstaka geymslu. Báðar aðferðir hafa kosti og galla.

Afritun – kostir	Afritun – gallar
<ul style="list-style-type: none"> Auðvelt að tryggja að skjöl breytist ekki eftir birtingu. Einfaldara miðjulgag sem þarf aðeins að tala við eitt kerfi. Auðveldara að skala. Eykur rekstararöryggi vegna álags. Einfaldar meðhöndlun skjala sem ekki eru fullskráð í kerfum. 	<ul style="list-style-type: none"> Geyma þarf afrit af öllum skjölum. Þarf að reka aukageymslu með tilheyrandi kostnaði.


Reykjavíkurborg hefur farið þá leið að afrita öll skjöl sem birtast í pósthólfi til að einfalda en t.d. Fjársýslan hefur valið að tengja beint við innri kerfi.

Það er ekki ólíklegt að sveitarfélög muni þurfa að birta íbúum eða lögaðilum skjöl sem ekki eru skráð með fullnægjandi hætti í eitthvert kerfi. Með því er átt við að skjalið sé skráð undir viðheigandi tegund og viðheigandi kennitala tengd við skjalið. Huga þarf að því hvernig slík skjöl eru birt og skráð a.m.k. þangað til verklagi er breytt.

Högun útfærsla

Kerfi tengd beint við pósthólf

Með því að tengja hvert og eitt kerfi sem birtir gögn í pósthólfi verða margar tengingar inn til sveitarfélags og margar út. En högunin ætti að einfalda tenginuna enda þarf ekki að reka önnur kerfi til að sjá um samskipti við pósthólfið.



Mynd 2 Kerfi sveitarfélags tengjast hvert og eitt við pósthólf

Millilag

Með millilagi fæst einn þar sem samskipti við pósthólfið hverfast um. Þar eru öll birt skjöl skráð ásamt upplýsingum um hvar þau eru að finna. Millilagið gæti tryggt að engar breytingar hafi átt sér stað í skjölum þegar þau eru birt notanda og ef kerfi eru flutt til eða tekin úr notkun er nóg að breyta vísunum í millilagi til að benda á nýjan stað. Hægt er að nota millilag með eða án kerfis sem geymir afrit af birtum skjölum.

